

Nr. 23.
20.
október.

L ö g

um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi
nr. 44. 30. júlí 1909.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:
Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við land,
nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endurgjaldslaust.

2. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
Sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni
á ári hæfilegan áfengisforða til heimilisparfa sinna um eitt ár í senn, þó ekki yfir 800 lítra
á ári, hverjum þeirra.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis,
flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.

3. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:
Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal áfengið
ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.